

FUNDARGERÐ

Árið 2019, fimmtudaginn 28. mars kl. 12:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sölvhólgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir, formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Daníel Jakobsson, Karen E. Halldórsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Margrét Þórarinsdóttir og Stefán Vagn Stefánsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Gústav Aron Gústavssyni, Hrafnkeli Hjörleifssyni og Tinnu Dahl Christiansen sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð 15. febrúar 2019

Lögð var fram fundargerð frá 15. febrúar 2019 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fundargerð frá 15. febrúar 2019 var samþykkt án athugasemda og undirrituð.

2. Framlag ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð Frysting tekna 2020 og 2021

Lagt var fram til kynningar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 27. mars 2019, varðandi tillögu fjármála- og efnahagsráðherra til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2020-2024 þar sem gert er ráð fyrir að framlag ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hækki ekki tímabundið árin 2020 og 2021 heldur haldist óbreytt frá árinu 2019 og verði 20,7 m.kr. bæði ár. Árið 2022 er gert ráð fyrir að þessi ráðstöfun gangi til baka og framlagið úr ríkissjóði hækki aftur.

Einnig var lagt fram til kynningar yfirlit um áætlaðar tekjur sjóðsins árið 2019 og spá hagdeildar Sambands íslenskra sveitarfélaga um áætlað tekjutap sveitarfélaganna.

3. Sameiningar sveitarfélaga Áætlaðar greiðslur 2019 og 2020

Lagt var fram til kynningar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 27. mars 2019, varðandi stuðning Jöfnunarsjóðs við sameiningar sveitarfélaga, birt var möguleg sviðsmynd með útreikninga af þróun sameiningarframlaga árin 2019-2021, ásamt drögum að reglum um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga.

4. Útgjaldajöfnunarframlög Enduráætlun framlaga – uppfærðar íbúatölur og tekjur

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 26. mars 2019, ásamt upplýsingum er liggja að baki enduráætluðum útgjaldajöfnunarframlögum fyrir árið 2019. Áætlunin tekur m.a. mið af uppfærðum íbúafjöldatölum frá 1. janúar 2019 og uppfærðum hámarkstekjum í hverju sveitarfélagi er taka mið af útreikningi endanlegra tekjujöfnunarframlaga árið 2018.

Ráðgjafarnefndin fór yfir forsendur er varða enduráætlun A- og B-hluta framlaganna fyrir árið 2019 og samþykkti enduráætlun framlaganna.

YFIRFÆRSLA GRUNNSKÓLANS

5. Almenn framlög vegna reksturs grunnskóla

Enduráætlun framlaga – uppfærðar íbúatölur og tekjur

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 26. mars 2019, ásamt forsendum er liggja að baki enduráætlunum almennum jöfnunarframlögum vegna grunnskóla fyrir árið 2019. Áætlunin tekur mið af uppfærðum íbúafjöldatölum frá 1. janúar 2019 og uppfærðum útsvarsstofni sveitarfélaga.

Ráðgjafarnefndin fór yfir forsendur er varða enduráætlun úthlutunar almennra framlaga vegna grunnskólans fyrir árið 2019. Samþykkti nefndin enduráætlun framlaganna.

6. Framlög til landshlutasamtaka sveitarfélaga vegna samstarfsverkefna

Framlög á árinu 2019

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 27. mars 2019, til umfjöllunar og afgreiðslu varðandi tillögu að framlögum fyrir árið 2019 til landshlutasamtaka sveitarfélaga vegna samstarfsverkefna.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sem tók til starfa í mars 2015 samþykkti í desember sama ár að Jöfnunarsjóður komi árlega að úthlutun framlaga til landshlutasamtaka sveitarfélaga vegna þátttöku þeirra í verkefninu *Sóknaráætlanir landshluta*. Með framlaginu er komið til móts við kostnað samtakanna vegna ferðalaga og fundahalda um framkvæmd verkefnisins bæði innan héraðs og í samskiptum við önnur landshlutasamtök og stjórnvöld. Samningur samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og landshlutasamtakanna er út árið 2019 en samþykkt ráðgjafarnefndarinnar um aðkomu að verkefninu var út síðasta ár. Framlög ársins 2017 voru 34 m.kr. Árið 2018 voru framlögin 38 m.kr.

Eftir umfjöllun ákvað nefndin að leggja til að framlög ársins 2019 nemi 38 m.kr.

YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐS FÓLKS

7. Viðbótarframlög 2019

Aðferðafræði vegna framlaga ársins 2019

Lagt var fram til kynningar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 26. mars 2019, varðandi sérstök viðbótarframlög vegna þjónustu við fatlað fólk á grundvelli reglugerðar 145/2019 um þjónustu við fatlað fólk.

Rætt var um þær aðferðir sem viðhafðar hafa verið við úthlutun viðbótarframlaganna frá þeim var fyrst úthlutað. Ákveðið var að bera úthlutun viðbótarframlaganna við almenn framlög og greina þannig áhrif framlaganna.

8. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs – framlög 2019

Umsókn frá Reykjavíkurborg vegna Klettaskóla

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn frá Reykjavíkurborg, dags. 14. desember 2018, þar sem óskað er eftir að Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs veiti sveitarfélaginu framlag vegna uppbyggingar á Klettaskóla. Um er að ræða byggingu sundlaugar, íþróttahúss, frístunda- og

félagsþjónustu og endurskipulagningu á öllu skólahúsnaðinu. Framkvæmdirnar hófust árið 2015 og lauk haustið 2018. Í samantekt borgarinnar er það mat Reykjavíkurborgar að viðbótarkostnaður vegna uppbyggingar Klettaskóla í samanburði við almennan grunnskóla nemi 1.690 m.kr.

Eftir umræðu um erindið ákvað nefndin að fresta afgreiðslu umsóknarinnar og kalla eftir lögfræðilegu álitu hvort sjóðnum beri að taka þátt í kostnaðinum.

9. Framkvæmd SIS mats

Verklagsreglur

Lagt var fram til kynningar verklagsreglur um framkvæmd á SIS mati, barna og fullorðna, frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

10. Reykjadalur

Drög að samkomulagi um stuðning við sumar- og helgardvöl fatlaðra einstaklinga

Frá yfirfærslu málefna fatlaðs fólks frá ríkis til sveitarfélaga árið 2011 hefur Reykjadalur, þar sem fram fer sumar- og orlofsdvöl fatlaðs fólks, notið framlaga úr Jöfnunarsjóði á grundvelli samkomulags Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra við ráðuneytið vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Samkvæmt samkomulagi fyrir árið 2018 skiptist framlagið með eftirfarandi hætti:

- Annars vegar er sá hluti er fellur undir yfirfærsluna og nam hann á árinu 2018 57,6 m.kr.
- Hins vegar er um að ræða þann hluta er fellur undir tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og nemur hann 32,3 m.kr. á árinu.

Vegna ársins 2018 samþykkti ráðgjafarnefnd sjóðsins að hækka hlut framlagsins er fellur undir yfirfærsluna og var miðað við þróun launavísitölu (80%) og þróun neysluverðsvísitölu (20%), fór þá framlagið úr 54,4 m.kr. í 57,6 m.kr.

Að lokinni umfjöllun um erindið ákvað nefndin að leggja til að hækka framlagsins í ár yrði reiknuð eins og gert var á síðasta ári og samþykkti að leggja til framlag að upphæð 60,7 m.kr. fyrir árið 2019.

11. Árleg ferð Ráðgjafarnefndar

Drög að dagskrá ferðar og tímasetning

Ákveðið var að árleg ferð ráðgjafarnefndar yrði 27.-29. maí nk. Stefnt er á að heimsækja Vestfirði og yrði þarnæsti fundur nefndarinnar haldinn samhliða því.

12. Önnur mál

Næsti fundur nefndarinnar er 26. apríl kl. 12:00.

Fundi slitið kl. 14:00

Guðný Sverrisdóttir

Ásta Stefánsdóttir

Daníel Jakobsson

Karen E. Halldórsdóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Margrét Þórarinsdóttir

Stefán Vagn Stefánsson